

2. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 4. nóvember 2019 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða 2020.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2020. Helstu breytingar eru að gjaldskráin hækkar almennt um 2,5% nema heimæðargjöld hækka ekki. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá enda Hitaveita Flúða með lægstu gjaldskrá landsins.

2. Fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða 2020.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að hagnaður verði af veitunni að fjárhæð um kr. 2.770.000 á árinu 2020. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun.

3. Tillaga að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps 2020.

Hannibal og Jón fóru tillögur að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2020. Helstu tillögur eru að gjald á íbúðarhús lækki úr 0,25% í 0,22% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 37.100 eða um 2,5%. Hámark á íbúðarhús verður óbreytt kr. 55.000. Fast vatnsgjald í sumarhús hækkar um 2,5% og verður kr. 37.100. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignarmati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Notkunargjald hækkar úr kr. 28 í kr. 29 á m³. Mælaleiga hækkar um 2,5% en heimæðargjöld og stofngjöld hækka ekki. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

4. Fjárhagsáætlun Vatnsveitu Hrunamannahrepps 2020.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir hefðbundum rekstri vatnsveitunnar og að hún skili ekki hagnaði. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun.

5. Tillaga að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps 2020.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögur að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2020. Fráveitugjald á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýli á Flúðum er óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati íbúðarhúsnæðis en 0,15 af atvinnuhúsnæði. Hámarksgjald af íbúðarhúsnæði er óbreytt kr. 55.000 og einnig hámarksgjald á atvinnuhúsnæði kr. 213.600. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæming rotþróa við íbúðar- og sumarhús utan þéttbýlis á Flúðum hækkar í kr. 9.900 eða um 9%. Þá er gert ráð fyrir að gjald fyrir tæmingu á rotþró við atvinnurekstur og fyrirtæki auk aukagjalds fyrir rotþrær stærrí en 6.000 l auk fermetragjalds vegna tæmingar hækku um 2,5%. Heimæðargjöld í þéttbýli á Flúðum hækka ekki. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

6. Fjárhagsáætlun fyrir fráveitu Hrunamannahrepps 2020.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir hefðbundum rekstri fráveitunnar og að hún skili ekki hagnaði. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun.

7. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hrunaljós 2020.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hrunaljós fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að gjaldskráin hækki um 2,5% að öðru leyti en tengigjöld nýrra notanda verði óbreytt. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

8. Fjárhagsáætlun Hrunaljóss 2020.

Hannibal og Jón fóru yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hrunaljós fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að tap verði af rekstri Hrunaljóss að fjárhæð um kr. 2.492.000 á árinu 2020. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun. Veitustjórn hvetur alla sem geta tengst Hrunaljósi að gera það og styrkja þannig verkefnið.

9. Seyruverkefnið.

Hannibal og Jón kynni tillögu að gjaldskrá vegna móttöku og hreinsun á seyru og fjárhagsáætlun fyrir seyruverkefnið á árinu 2020 en verkefnið samstarfsverkefni sveitarfélaganna í Uppsveitum, Flóa- og Ásahrepps.

10. Kópsvatnsholan.

Hannibal og Jón fóru yfir stöðuna varðandi Kópsvatnsholuna og leigusamning varðandi stöðvarhúsið og aðrar aðgerðir sem er í gangi vegna samningsins. Þá ræddi Hannibal einnig um möguleg kaup Flúðaorku á stærri djúpdælu.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið kl. 17:00.